

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Deiliskipulag Krossaneshaga C-áfanga.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. febrúar 2009 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir Krossaneshaga C-áfanga.

Skipulagssvæðið afmarkast af Óðinsnesi í suðri, Krossanesbraut í austri og Krossanesborgum í norðri. Lóðir nr. 1 og 2 við Ægisnes eru einnig innan skipulagsins en auk þeirra gerir deiliskipulags-tillagan ráð fyrir tólf atvinnulóðum við nýja götu, Týsnes.

Deiliskipulagsbreyting Eyrarlandsholts, Miðteigur 13.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 23. júní 2009 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Eyrarlandsholt.

Breytingin felst í að byggingarreitur á lóð nr. 13 við Miðteig stækkar til norðausturs.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. skipulagsstjóra Akureyrarkaupstaðar, 10. júlí 2009,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.